

## GJALDSKRÁ

**fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa af lögbýlum í Borgarbyggð.**

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu dýraleifa skv 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 660/2016. Í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum ber sveitarfélaginu að taka við þeim úrgangi sem til fellur í sveitarfélaginu og færa hann til viðeigandi meðhöndlunar.

2. gr.

Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur búnaðarstofu og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahæ séu sótt til bænda með reglubundnum hætti og komið í viðeigandi meðhöndlun.

3. gr.

Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Borgarbyggð verður sem hér segir:  
Grunngjald kr. 26.500 á öll lögbýli þar sem haldnar eru skepnur.  
Því til viðbótar leggst gjald á hvern grip:

Sauðfé	122 kr.
Nautgripir	395 kr.
Hross	392 kr.
Hænsn	2 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.  
Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1576/2020.  
Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar 9. desember 2021.

*Borgarnesi, 15. desember 2021.*

**Þórdís Sif Sigurðardóttir** sveitarstjóri.